

séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 45/1919: Hreppsnefnd Stykkishólmsbreypts
 gegn
 Halldóri Illugasyni.

D ó m u r :

Þegar hreppsnefndin í Stykkishólmsbreypti jafnaði niður auka-útsvörum til hreppsins seint í nóvember 1917, lagði hún 40 kr. útsvar á stefnda Halldór skipstjóra Illugason, sem þá var fluttur búferlum til Bíldudals, en hann leit svo á að eigi væri lög til þess, að útsvar þetta yrði lagt á hann og neitaði að greiða það. Hreppsnefndin beiddist þá lögtaks á útsvarinu og var lögtakið framkvæmt 31. des. f.á. samkvæmt úrskurði fógeta af hreppstjóranum í Patreksbreypti en þangað var stefndi þá fluttur. Stefndi mótmælti lögtakinu og skaut því til úrskurðar fógeta en fékk hreppstjóra 60 kr. til geymslu og tryggingar útsvarinu og lögtakskostnaði, ef honum yrði talið skylt að greiða það. Þann 29. jan. þ. á. gekk úrskurður fógeta, sýslumannsins í Barðastrandarsýslu í málinu á þá leið, að lögtaksgjörðin 31. des. f.á. skyldi úr gildi felld, fjárhæðin 60 kr., er stefndi hafði látið til tryggingar,

skyldi leyst úr löghaldi, og Stykkishólmshreppur greiða lögtakskostnað með 5 kr.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Stykkishólms- hrepps að fengnu uppreisnarleyfi, gjafsóknarleyfi og skipuðum málafærslumanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ág. þ.á, og hefir talsmaður hennar krafist þess að úrskurðinum verði hrundið, að kröfur áfrýjanda fyrir fógetaréttinum verði allar teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur máls- kostnaður eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn eða sent neinn fyrir sig, og er honum þó löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt N.L. 1-4-32, og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir skjölum þeim og málgögnum, sem áfrýjandi hefir lagt fram.

Heimild fyrir útsvarsálgunni á stefnda telur áfrýjandi þá, að hann hafi átt lögheimili eða fast aðsetur í Stykkishólmshreppi fulla 4 mánuði gjald- ársins 1917—1918 eða frá fardögum til 15 okt. og sé hann því útsvarsskyldur í hreppnum, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905.

Stefndi neitar því að hann hafi nefnt ár haft fast aðsetur, atvinnu eða hlunnindi í hreppnum svo langan tíma nefnt fardagar, að heimilt sé að leggja útsvar á hann þar. Hann skýrir svo frá, að vorið 1917 hafi hann tryggt sér heimili á Bildudal næsta fardagaár og greitt þar öll opinber gjöld fyrir það ár; sumarið 1917 hafi hann verið skipstjóri á þil- skipi frá Stykkishólmi og skyldulið hans hafi dvalið þar; hafi hann ætlað að flytja sig til Bildudals með

áætlaðri ferð Breiðfjarðarbátsins í septembermánuði, en sú ferð hafi dregist fram yfir mánaðamótin; hús sitt í Stykkishólmi hafi hann selt og átt að víkja úr því 30 sept. en þangað til hafi fjölskylda hans haft þar húsnæði. Þessi skýrsla áfrýjanda hefir eigi verið véfengd. Þó að talið verði að stefndi hafi átt lögheimili í Stykkishólmi sumarið og haustið 1917 meðan fjölskylda hans hafði þar bústað að hansráðstöfun, þá verður útsvarið þó að teljast ólögsmætt fyrir þá sök að það var jafnað niður á stefnda að því er ætla má $1\frac{1}{2}$ mánuði eftir að hann var afluttur úr hreppnum, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10 nóvbr. 1905, 36. gr. 1. málgr. og lögum nr. 33, 2. nóvbr. 1914, 1. gr., þykir eigi vera heimilt til að leggja útsvar, byggt á heimilisfestu á aðra en þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum, þegar niðurfjórðun fer fram. Það verður eftir þessu að fallast á það, að fógötinn felldi lögtakið úr gildi og leysti úr löghaldi fjárhæð þá, er stefndi lét til tryggingar útsvarsins. En um lögtakskostnaðinn var fógöturinn ekki bær að úrskurða og verður því að ómerkja ákvæði hans þar að lútandi.

Málkostnaður fyrir yfirdómi á eftir málavöxtum að falla niður en skipuðum málflutningsmanni áfrýjandi, er hefir flutt málið forsvaranlega, ber 30 kr. í málflutningslaun, er geiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um lögtakskostnað á að vera ómerkt. Að öðru leyti skal

úrskurðinum óraskað. Málskostnaður fyrir yfir-
felltur niður. Skipuðum málflytningumanni áfrýj-
anda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutnings-
manni, greiðist 30 kr. í málflytningu-
laun af almannafé.

Mánudaginn 24. nóvember 1919.

Nr. 58/1919:

Valdstjórnin

gegn

Jóni G. G. Péturssyni.

D ó m u r :

Mál þetta hefir verið höfðað af hálfu valdstjórn-
arinnar gegn kærða Jóni Guðna Gunnari Péturssyni
fyrir brot á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917 um notkun
bifreiða og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 19. apríl
1919, og var hann með lögregluréttardómi Reykja-
víkur, uppkveðnum 8. sept. þ á, dæmdur í 200 kr.
sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Svo var hann og
dæmdur til að greiða Leifi verslunarmanni Sigurðs-
syni Laufásveg 27 800 kr. í skaðbætur og allan af
málinu leiðandi kostnað.

Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eftir ósk
hins kærða.